

Stofnanasamningur
Sameykis – stéttarfélags í almannaþjónustu
og Vegagerðarinnar

1. **Gildissvið**

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Sameyki – stéttarfélagi í almannaðjónustu sem starfa hjá Vegagerðinni.

Samningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings Sameykis við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og er hluti hans.

2. **Meginmarkmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- að Vegagerðin sé ákjósanlegur vinnustaður og tryggi henni hæft starfsfólk, til þess að geta veitt þá þjónustu sem henni er ætlað lögum samkvæmt, á sem bestan hátt.
- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launarröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti.
- að jafnræðis sé gætt við launaákvæðanir, greidd séu sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu (óháð aldri, kynferði eða annars misréttis).
- að launakerfið feli í sér framgang í launum fyrir starfsmenn sem afla sér aukinnar þekkingar með menntun, símenntun og þjálfun, til að takast á við flókin og /eða umfangsmikil verkefni.
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og taki mið af þörfum og verkefnum stofnunar hverju sinni
- að starfsmenn fái tækifæri til að starfsþróunar innan stofnunarinnar.
- að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukinn með markvissri endurmenntun.

3. **Launarröðun**

Ákvörðun launa skal fara fram með hlutlægum hætti og miðað við samþykktar starfslýsingar starfsmanna ásamt launaþróun sbr. 11. kafla kjarasamnings. Við mat á störfum skal meta þau verkefni er felast í starfinu auk þeirrar ábyrgðar og færni sem þarf til að geta innt það af hendi. Röðun starfa í launaflokka miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða.

Starf flokkur 1

Starfið felur í sér að vinna vel afmörkuð og skilgreind verkefni sem unnin eru að mestu leyti undir stjórn annarra. Starfsmaðurinn hluti af starfseiningu þar sem einn eða fleiri vinna sambærileg verkefni og geta gengið í störf annarra. Háskólanemar í afleysingum skulu hafa lokið að lágmarki 30 ECTS einingum.

Lfl 20 Sumarstarfsmaður, skrifstofumaður (afleysing/tímabundin ráðning)

Starf flokkur 2

Starfið felst í umsjón og úrlausn ákveðinna verkefna í samráði við yfirmann. Starfið krefst afmarkaðrar/haldbærrar reynslu og þekkingar á þeim verkefnum sem um ræðir. Starfið krefst þess að starfsmaður taki sjálfstæðar ákvarðanir og sýni frumkvæði innan ákveðins verklags/ ramma sem yfirmaður setur.

Dæmi um störf:

Lfl 21 Fulltrúi 1, Afgreiðslumaður

Starf flokkur 3

Starfið felst í umsjón og úrlausn ákveðinna verkefna í samráði við yfirmann. Gerð er krafa um að starfsmaður hafi yfirsýn yfir eigin verkefni og beri ábyrgð á úrlausn verkefna sinna, í samráði við yfirmann. Starfsmaður skal sýna frumkvæði og fagmennsku í starfi. Starfið getur falið í sér þátttöku í þjálfun og leiðbeiningum til annarra, eftir því sem við á.

Dæmi um störf:

Lfl 23 Fulltrúi 2, Þjónustufulltrúi, Vaktstjóri

Starf flokkur 4

Starfið er sérhæft og gerir kröfu um sérstaka kunnáttu starfsmanna á viðkomandi starfssviði. Gerð er krafa um að starfsmaður hafi ríkari yfirsýn yfir eigin verkefni og beri ábyrgð á úrlausn verkefna sinna, í samráði við yfirmann. Starfsmaður skal sýna frumkvæði og fagmennsku í starfi. Starfsmaður þarf að hafa a.m.k. 3 ára starfsreynslu í sambærilegu starfi.

Lfl 27 Eftirlitsmaður, rannsóknamaður, vegtæknir, bókarí, fulltrúi 3

Starfaflokkur 5

Starfið er sérhæft og krefst mikillar sérþekkingar og yfirgripsmikillar reynslu á þeim verkefnum sem um ræðir. Gerð er krafa um að starfsmaður hafi yfirsýn yfir eigin verkefni og beri faglega ábyrgð á úrlausn þeirra. Starfsmaður nýtir sérþekkingu sína í umbótaverkefnum. Gerð er rík krafa um frumkvæði, fagmennsku og sjálfstæði í starfi.

Í þessum flokki er gerð krafa um að starfsmaður hafi viðbótarmenntun umfram stúdentspróf. Starfsmaður þarf að hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu í sambærilegu starfi.

Dæmi um störf:

Lfl 28 birgðastjóri, umsjónarmaður fasteigna, launafulltrúi, gjaldkeri

Lfl 29 kerfisfræðingur í notendapjónustu (2 anna diplómanám, 60 ECTS ein eða sbrl.), viðurkenndur bókari (faggilding), tækniteiknari

Lfl 31 kerfisstjóri innri rekstrar (2 anna diplómanám, 60 ECTS ein eða sbrl.)

Starfaflokkur 6

Starfsmaður hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á sérhæfðu verkefni (á landsvísu).

Skipuleggur, leiðir og samhæfir umfangsmikil verkefni. Starfið krefst mikillar starfsreynslu og sérfræðiþekkingar á hlutaðeigandi starfssviði. Starfsmaður getur haft umsjón með þjálfun og faglegum leiðbeiningum á sínu sviði. Starfsmaður ber ábyrgð á að tímamörk verkefna haldi auk þess að hafa frumkvæði að nýjum verkefnum eftir því sem við á. Gerð er mjög rík krafa um frumkvæði, fagmennsku og sjálfstæði í starfi.

Í þessum flokki er gerð krafa um að starfsmaður hafi viðbótarmenntun umfram stúdentspróf, að lágmarki 2 anna diplómanám. Starfsmaður þarf að hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu í sambærilegu starfi.

Dæmi um störf:

Lfl 34 öryggisstjóri UT

4. Persónubundnir þættir

Öll störf hjá Vegagerðinni sem launuð eru eftir stofnanasamningi Vegagerðarinnar og Sameykis eru með lágmarkskröfu um stúdentspróf/iðnmenntun eða mjög víðtæka reynslu á viðkomandi starfssviði og er tekið tillit til þess við grunnröðun starfa, undantekning frá því eru sumarstörf.

Hafi starfsmaður framhaldsmenntun, umfram grunnkröfur, sem lauk með prófi og nýtist í því starfi sem hann sinnir, skal meta það sérstaklega til launahækkana samber grein 4.1

4.1 Mat á viðbótarnámi

Hafi starfsmaður lokið námi sem nýtist í starfi og sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta menntunina með eftirfarandi hætti:

1. 30 ECT einingar 1 launaflokkur
2. 60 ECT einingar eða meistaraþróf í iðngrein gefur 1 launaflokk til viðbótar
3. 90 ECT einingar gefa 1 launaflokk til viðbótar (samtals 3 launaflokkar)
4. Grunnþróf í háskóla (BA/BS eða sbr.) gefur hækkun um 1 launaflokka til viðbótar, þannig að grunnnámið gefi samtals 4 launaflokka
5. Meistaraþróf í háskóla (MA/MS eða sbr.) gefur hækkun um 2 launaflokka til viðbótar við grunnþróf, þannig að meistaranámið gefi samtals 6 launaflokka

4.2 Mat á símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur námi sem nýttist í starfi skal hækka um launaflokk þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Eftir 40 klst / 60 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt launaprep.
- Eftir 80 klst / 120 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt launaprep til viðbótar.
- Eftir 135 klst / 200 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt launaprep til viðbótar.

Símenntun starfsmanns skal fara fram þannig að fullt samkomulag sé á milli stofnunar og þess starfsmanns sem símenntun sækir.

4.3 Starfsreynsla

Starfsreynsla mælist frá því að viðkomandi hóf störf hjá Vegagerðinni. Tekið er tillit til starfsreynslu frá öðrum en Vegagerðinni úr sambærilegum störfum.

Meta skal starfsreynslu starfsmanns með eftirfarandi hætti:

Eftir 6 mánuði í starfi	1 prep
Eftir 1 ár í starfi	1 prep
Eftir 3 ár í starfi, þar af 6 mánuðir hjá Vegagerðinni	1 prep
Eftir 5 ár í starfi, þar af 12 mánuðir hjá Vegagerðinni	1 prep

5. Mat á starfi og starfskjörum

5.1 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl milli starfsmanns og stjórnanda skulu fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Þau geta m.a. verið vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni og starfslýsingu, skipulag og stjórnun, starfsþróun, fræðslu og endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfsmaður skal fá niðurstöður starfsmannasamtals afhentar skriflega innan tveggja vikna frá því að viðtal fór fram. Launamál skulu ekki rædd í starfsmannasamtali.

5.2 Launaviðtal

Starfsmaður getur óskað eftir formlegu launaviðtali. Í því viðtali gefst kostur á að fara yfir launakjör og endurmat þátta sem áhrif hafa til hækkunar á launaröðun starfsmanns. Launaviðtal skal fara fram eigi síðar en tveimur vikum eftir að ósk hefur komið fram og starfsmanni skal gefið skriflegt og rökstutt svar stofnunar innan fjögurra vikna eftir að launaviðtal á sér stað.

6. Jafnræðisregla


Mat á því hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.


7. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 01.05.2023

F.h. Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu


Þórarinn Eyfjörð, Guðrún Emilía Höskuldsdóttir, Gunnar Garðarsson, Sveinfríður Högnadóttir



Sveinfríður Högnadóttir



Guðrún Emilía Höskuldsdóttir

F.h. Vegagerðarinnar

Bergþóra Þorkelsdóttir, Stefán Erlendsson, Vigdís Edda Jónsdóttir


Bergþóra Þorkelsdóttir


Vigdís Edda Jónsdóttir


Stefán Erlendsson

Bókun

Vegagerðin skoðar launaþróun þjónustufulltrúa (árslaun 2022 og 2023) að teknu tilliti til kjarasamningshækkana.

Vegagerðin mun skoða möguleika á að færa fasta yfirvinnu í grunnlaun.

Grunnröðun í störf þjónustufulltrúa og vaktstjóra verður 23-1 og starfsmenn í þeim störfum fá að hámarki 3 starfsreynsluþrep í viðbót á starfstímanum.

Þessari vinnu skal vera lokið í júní 2024.

